# FRÉTTABLAÐIÐ

48. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 26. FEBRÚAR 2018




Þrjátíu konur stigu á svið á Edduverðlaununum í gær og héldust í hendur til að sýna þeim konum samstöðu sem opnað hafa sig um kynferðislega áreitni og ofbeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Engin yfirsýn yfir fjölda magaaðgerða

**Landlæknir veit ekki hversu margar magaermaaðgerðir eru gerðar hér á landi. Nokkrir hafa leitað á bráðamóttöku með alvarleg einkenni eftir aðgerðirnar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættið veit ekki hversu margar magaermaraðgerðir hafa verið gerðar hér á landi síðustu fimm árin vegna slælegrar skráningar þeirra sem veita þessa þjónustu. Tvö alvarleg atvik hafa átt sér stað það sem af er ári varðandi magaermaraðgerðir fyrirtækisins Gravitas slf.

Fréttablaðið greindi frá því þann 24. janúar að kona hefði látist á Landspítalanum hinn 4. janúar. Líklegt þykir að andlát konunnar megi rekja til magaermaraðgerðar en það er nú rannsakað af Landlæknisembættinu. Fyrir helgi sagði DV frá því að konu á sjötugsaldri væri haldið sofandi á Landspítalanum vegna magaermaraðgerðar.

„Við höfum fengið nokkur tilvik inn til okkar þar sem sjúklingar eru að glíma við erfiðleika eftir þessar aðgerðir,“ segir Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir á bráðamóttöku á LSH. „Alvarlegustu tilvikin eru skráð og skoðuð gaumgæfilega af Landspítalanum.“

Fréttablaðið óskaði svara frá Landlæknisembættinu um hversu margar magaermaraðgerðir hafi verið framkvæmdar hér á landi síðustu fimm árin. Anna Björg Aradóttir, sérfræðingur hjá embættinu segist ekki geta svarað því með vissu. „Embættið hefur verið að rýna í innsend gögn um magaaðgerðir frá stofnunum og sérfræðingum á stofu. Ljóst er út frá þeirri greiningu að ekki er í öllum tilvikum um rétta skráningu að ræða hjá þeim sem veita slíka þjónustu og það þurfum við að vinna með þeim og mun taka langan tíma,“ segir Anna Björg.

Alvarleg atvik eru tilkynningarskyld til Landlæknis samkvæmt lögum. Tvö atvik hafa verið tilkynnt embættinu þar sem um magaermaraðgerðir var að ræða. „Algengustu fylgikvillar magaaðgerða eru blæðing og leki. Leki getur valdið alvarlegu ástandi hjá sjúklingi.“

Landlæknisembættið útilokar ekki að fleiri tilvik séu fyrir hendi: „Út frá algengi fylgikvilla mætti ætla að um fleiri væri að ræða án þess að hægt sé að fullyrða um það.“ Fréttablaðið veit dæmi þess að fólk hafi liðið nokkuð miklar kvalir eftir magaermaraðgerðir hjá fyrirtækinu Gravitas. **sveinn@frettabladid.is**

## Óforsvaranlegt fjarskiptaleysi

**FJARSKIPTI** „Þetta veldur okkur áhyggjum. Það dregur úr öryggi að geta ekki verið inni á svæðinu og náð sambandi ef eitthvað kemur upp á,“ segir Jón Björnsson, þjóðgarðsvörður í Snæfellsjökulsþjóðgarði. Ekkert síma- og fjarskiptasamband er á stórum svæðum í og við garðinn á Snæfellsnesi sem plagað hefur starfsmenn, vegfarendur og viðbragðsaðila á undanförnum árum.

Jón segir rúmlega 400 þúsund ferðamenn hafa heimsótt þjóðgarðinn á síðasta ári sem sé einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. Það sé því vart forsvaranlegt að það skuli ekki vera símasamband á svæðinu sem oft geti orðið varhugavert.

**smj** / **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag

Halldór




**SKOÐUN** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skrifar um staðsetningu nýs Landspítala. **11**

**SPORT** Logi Gunnarsson kvaddi með stæl þegar íslenska landsliðið hafði betur gegn Tékklandi í körfubolta. **14**

**LÍFIÐ** Ástfangin pör sem láta aldursmun ekki stoppa sig. **24**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- **FÓLK**
- **FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Gengur í suðaustanhvassviðri eða -storm í dag með slyddu, en síðar rigningu, en hægara og lengst af þurrt fyrir norðan og austan. Hlýnandi veður. SJÁ SÍÐU 20



Laun stórmeistara verða 428 þúsund krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Meistarar vilja ekki breytingar á launasjóðnum

**STJÓRNSÝSLA** „Frumvarpsdrögin [eru] áfall, vonbrigði og í fullkomnu ósamræmi við aðkomu löggjafarvaldsins í gegnum tíðina.“ Svo hefst umsögn þriggja íslenskra stórmeistara um frumvarpsdrög að nýjum lögum um launasjóð skákmanna.

Frá árinu 1991 hefur Launasjóður íslenskra stórmeistara í skák verið til og hafa stórmeistarar getað fengið greitt úr honum til að helga sig skáklistinni. Nú stendur til að leggja sjóðinn niður í núverandi mynd og koma á fót kerfi sambærilegu því sem listamenn hafa vanist, það er að stórmeistarar hætti að fá föst laun frá ríkinu og njóti þess í stað verktakagreiðslna. Undanfarið hafa fjórir stórmeistarar fengið greitt úr sjóðnum.

Ein umsögn barst frá stórmeisturunum Héðni Steingrímssyni, Hannesi Hlífari Stefánssyni og Lenku Ptacnikovu. Telja þau að með frumvarpinu verði grafið gróflega undan fólki sem hefur skák að atvinnu. Þess í stað hampi það meðalmennsku. Einnig er sett út á það að um leið og umsókn í sjóðinn er skilað þurfi að fylgja áætlun um skákmót sem umsækjandi hyggst taka þátt í á komandi ári.

Samkvæmt frumvarpinu verða starfslaun rúm 428 þúsund krónur á mánuði en í núgildandi lögum er miðað við lektorslaun. Stórmeistararnir segja að þessu hafi ekki verið fylgt í raun heldur hafi stórmeisturum verið greidd lágmarkslaun. – **jóe**

# Flautukarfa Loga með landsliðinu




**Körfuknattleikshetjan Logi Gunnarsson kvaddi íslenska landsliðið á dramatískan hátt í gærkvöldi þegar Ísland vann eins stig sigur á Tékklandi í undankeppni HM 2019. Logi var hylltur að leik loknum og færði Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, honum þennan blómvönd við það tilefni. Logi lék sinn fyrsta landsleik árið 2000 og hefur leikið 147 leiki á átján ára landsliðsferli og er fjórði leikjahæsti leikmaður Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Rúta fauk út af

**SLYS** Rúta með sextán ára gömlum skólabörnum frá Frakklandi fauk út af veginum norðan við Hvanneyri í Borgarfirði á fimmta tímanum í gær. Björgunarsveit var kölluð á vettvang en slys á fólki voru sögð lítilsháttar. Alls voru 28 ungmenni um borð í rútunni þegar slysið varð. Mikið rok var víða á Vesturlandi í gær og hafði Veðurstofa Íslands varað við snörpum vindhviðum við fjöll við Faxaflóa og Breiðafjörð.

Líkt og greint var frá á Fréttablaðið.is bauðst börnunum aðstoð og aðhlynning á fjöldahjálparstöð Rauða krossins sem opnuð var í kjölfar slyssins í Menntaskólanum í Borgarnesi. – **la**

**28**

**Frönsk skólabörn sluppu með skrekkinn í rútuslysi**

# Handritshöfundar vilja fulltrúa í Kvikmyndaráð

**Handritshöfundar gera fjölmargar athugasemdir við frumvarp um breytingu á kvikmyndalögum. Formaður félags þeirra segir þá vilja aðkomu að sjóðnum og að hlutverk ráðgjafa verði skýrt. Hægt sé að framleiða mun meira en nú er gert.**

**STJÓRNSÝSLA** Félag leikskálda og handritshöfunda (FLH) gerir þá kröfu að fulltrúi félagsins fái sæti í Kvikmyndaráði. Þá setja handritshöfundar út á aðkomu kvikmyndaráðgjafa Kvikmyndamiðstöðvar Íslands (KMÍ) og leggja til að setutímabil þeirra verði stytt. Þetta er meðal þess sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpsdrög um breytingu á kvikmyndalögum.

„Leiðrétting samsetningar Kvikmyndaráðs er baráttumál sem við höfum verið að vinna að í nokkur ár. Í ráðinu eiga sæti fulltrúar úr öllum stéttum kvikmyndageirans nema handritshöfundar,“ segir Margrét Örnólfsdóttir, formaður FLH. „Ég hef rætt bæði við ráðið og stjórnvöld og allir tóku mjög vel í þetta en þegar frumvarpsdrögin birtust þá virðist sem þessi krafa okkar hafi ekki skilað sér.“

Tilefni breytinganna eru að stærstum hluta leiðbeinandi reglur frá ESA sem lúta að því að gera erlendum aðilum kleift að sækja um stuðning úr Kvikmyndasjóði. Þá er einnig stefnt að því að skerpa á hlutverkum KMÍ, Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndaráðs. Þá er lagt til að heimilt sé að skipa forstöðumann KMÍ í tvöfalt lengri tíma en nú er leyft.

Í innsendum athugasemdum við drögin er meðal annars fundið að því að hámarksskipunartíminn, tíu ár, sé helst til langur. Einnig er fundið að því að ekkert hámark sé á hve lengi handritsráðgjafar KMÍ geti setið en hluti þeirra hefur að sögn setið „áratugum saman“. Þá er fundið að því að þeir fari ítrekað út fyrir starfssvið sitt og reyni að hafa áhrif á handritshöfunda „að því er virðist fyrir eigin lífsskoðanir en ekki samkvæmt handritalegum gildum“ líkt og segir í umsögn Hjálmars Einarssonar.



Handritshöfundar eiga engan fulltrúa í sjóðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Ég tel það óheilbrigt fyrir kvikmyndagerð að það sé alltaf sama fólkið sem situr þarna
>
> Margrét Örnólfsdóttir, formaður FLH



„Handritsráðgjafarnir hafa í auknum mæli verið að hafa áhrif á listræna þróun höfunda. Þeir hafa margir setið þarna mjög lengi. Ég tel að það sé óheilbrigt fyrir kvikmyndagerð að það sé alltaf sama fólkið sem situr þarna og stýrir hvernig myndir eru gerðar, hvaða sögur við segjum og hvernig við segjum þær,“ segir Margrét. Hún telur gott ef þak verður sett á lengd setu sem ráðgjafi.

„Kerfið hefur ekki haldið í við þróunina. Nú er gífurleg eftirspurn eftir leiknu norrænu sjónvarpsefni og við gætum framleitt þrefalt fleiri þáttaraðir en sjóðurinn gerir ráð fyrir. Það er sorglegt að sjónvarpsþáttaraðir, nánast fullfjármagnaðar að utan og með kaupendur um heim allan, séu ekki framleiddar því það vantar þessa pínulitlu prósentu sem þarf að heiman,“ segir Margrét.

joli@frettabladid.is






Það er engin tilviljun að Toyota Corolla er mest seldi bíll í heimi. Hann byggir á gömlum og traustum grunni, en breytist um leið í takt við tímann og tækninýjungar hverju sinni. Þess vegna eiga allar kynslóðir sína Corollu. Nú færð þú hana á góðu verði með veglegum kaupauka – **ferð til Evrópu fyrir tvo með Icelandair og Canon EOS 800D myndavél, alls að verðmæti 257.900 kr.**

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á www.toyota.is

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Konur í kvikmyndum og sjónvarpi sýndu þolendum stuðning

**VERÐLAUN** Þrjátíu konur tóku sér stöðu uppi á sviði á Hótel Hilton í upphafsatriði Edduverðlaunahátíðarinnar sem fram fór í gærkvöldi. Félag kvenna í kvikmyndum og sjónvarpi á Íslandi stóð fyrir gjörningnum sem fylgdi fordæmi erlendra kvenna á sambærilegum hátíðum erlendis að undanförnum. Tilefnið er að vekja athygli á #metoo byltingunni. Konurnar klæddust ýmist svörtu eða rauðu og báru rauðar nælur með myllumerkinu #égerhér. Konurnar vildu með þessu sýna þeim konum sem hafa opnað sig um kynferðislega áreitni og ofbeldi að undanförnu stuðning.

„Þú þarft ekki lengur að þegja ef brotið er á þér. Við erum hér og hlustum ef þú kýst að tala. Þú ert ekki lengur ein. Við erum hér. Við trúum þér og stöndum við bakið á þér,“ sögðu þær í áhrifamikilli ræðu sinni.



**Gjörningur kvennanna var áhrifamikill og sterkur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kvikmyndagerðarkonan Guðný Halldórsdóttir hlaut heiðursverðlaun Eddunnar í gærkvöldi.

Mynd ársins var kvikmyndin Undir trénu en leikarar hennar voru einnig verðlaunaðir. Steinþór Hróar Steinþórsson, betur þekktur sem Steindi junior, var valinn besti leikari í aðalhlutverki og Edda Björgvinsdóttir fyrir besta leik í aukahlutverki í sömu mynd. **– smj**

## Stolið málverk fannst í rútu

**FRAKKLAND** 141 árs gamalt málverk sem stolið var af listasafni í Marseille í desember 2009 fannst um borð í rútu í París fyrr í þessum mánuði. Verkið, sem er eftir franska listamanninn Edgar Degas og heitir Les Choristes, fannst við reglubundið fikniefnaeftirlit tollvarða í ferðatösku í farangursrými rútu skammt frá utan París þann 16. febrúar síðastliðinn.

Enginn farþeganna viðurkenndi að eiga töskuna og hefur enginn verið handtekinn í tengslum við málið. Málverkaránið var aldrei upplýst heldur, en þótti afar dularfullt. Engin ummerki um innbrot fundust en forsvarsmenn Musée d'Orsay safnsins í París, sem á verkið, hafa lokið við að greina verkið sem fannst og staðfest að um upprunalegu myndina sé að ræða. Safnið hafði lánað myndina til listasafns í Marseille þar sem því var stolið. – smj

## Átök magnast á ný í Kinshasa

**DL KONGÓ** Öryggissveitir í Kinshasa, höfuðborg Demókratíska lýðveldisins Kongó, skutu í gær á fólk sem safnast hafði saman til að mótmæla setu Josephs Kabila á forsetastóli. Minnst einn féll og fjöldi særðist. Átök brutust út á fleiri stöðum samkvæmt mótmælendum.

Téður Kabila hefur verið forseti landsins frá árinu 2001. Kjörtímabil hans rann sitt skeið árið 2016 en þrátt fyrir það hefur ekki verið boðað til kosninga. Talsverðrar óánægju með störf hans gætir í landinu.

Mest gremst fólki að forsetinn hafi ekki staðið við efni samkomulags við stjórnarandstöðuna og boðað til kosninga. Forsetinn hefur boðist til að gera það í árslok en mörgum finnst það of seint. **– jóe**

# Starfsmenn hafa áhyggjur af fjarskiptaleysi í þjóðgarðinum

**Þjóðgarðsvörður segir það vart forsvaranlegt að fjarskiptaleysi ríki á löngum köflum í Snæfellsjökulsþjóðgarði. Ríflega 400 þúsund ferðamenn heimsóttu garðinn í fyrra og fjarskiptaleysið veldur starfsmönnum áhyggjum og dregur úr öryggi þeirra sem eiga leið þar um. Einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins.**

**FJARSKIPTI** „Á síðasta ári fengum við rúmlega 400 þúsund gesti og það er á mörkunum með að vera forsvaranlegt að við skulum ekki vera með símasamband í hluta af þjóðgarðinum og hluta akstursleiðarinnar þar sem fólk er að fara í gegn,“ segir Jón Björnsson, þjóðgarðsvörður í Snæfellsjökulsþjóðgarði.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á laugardag eru með öllu fjarskiptalaus svæði á löngum köflum í og við þjóðgarðinn með tilheyrandi öryggisleysi og vandræðum ef eitthvað kemur upp á. Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar sagði þetta slæmt bæði fyrir ferðamenn sem þarna eiga leið um sem og viðbragðsaðila þar sem tetra-talstöðvarsamband væri þarna líka stopult. Tvö slys urðu á dauða svæðinu í fyrra þar sem ekki var hægt að hringja eftir aðstoð.

Jón segir sambandið inni í garðinum oft lítið sem ekkert.

„Á þessari leið geta skapast erfiðar aðstæður og það er töluvert um að menn festi bílana sína hér að vetri til og víða í þjóðgarðinum og fólk er hlaupandi fram og aftur að leita að sambandi til að láta vita af sér og sækja sér aðstoð. Það er ljóst að ef alvarlegt slys verður myndi það tefja talsvert viðbragðstíma ef fólk kemst ekki í símasamband.“

Hann segir það eindregna ósk sína og þeirra sem þarna starfi að ráðist verður í úrbætur á þessu, líkt og framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar boðaði í Fréttablaðinu um helgina.

„Þetta veldur okkur áhyggjum. Það dregur úr öryggi að geta ekki verið inni á svæðinu og náð sambandi ef eitthvað kemur upp á. Þetta er erfitt.“



**Dritvík í þjóðgarðinum Snæfellsjökli.**

> **Þetta veldur okkur áhyggjum. Það dregur úr öryggi að geta ekki verið inni á svæðinu og náð sambandi ef eitthvað kemur upp á**
>
> Jón Björnsson
> þjóðgarðsvörður



Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er einn vinsælasti og fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. Jón segir þá vera með örugga talningu upp á nærri 400 þúsund gesti á síðasta ári, og eru þá heimamenn og túristar frá skemmtiferðaskipum á Grundarfirði ekki taldir með. Aukningin hefur verið um 20 prósent á ári og menn finni sist fyrir samdrætti í þeim efnum. Djúpalónssandur er með vinsælli viðkomustöðum ferðamanna en að sögn Jóns líka einn sá varhugaverðasti. Þar geti verið mjög erfitt að ná sambandi. Nefnir hann að síðastliðinn fimmtudag hafi gúmmíbát rekið upp í fjöru við Malarrif sem ekki hafi verið hægt að tilkynna né fá frekari upplýsingar um fyrr en símasamband fannst. Blessunarlega reyndist ekkert alvarlegt hafa gerst.

„En það yrði dapurlegt ef eitthvað kæmi upp á og fólk gæti ekki látið vita.“ **mikael@frettabladid.is**


SÉRTILBOÐ Á FIAT TIPO
500.000 KR. AFSLÁTTUR
INNIFALIÐ
VETRAR- OG SUMARDEKK
ÞJÓNUSTUSKOÐUN* Í 2 ÁR
FIAT TIPO EASY HATCHBACK
VERÐ FRÁ: 3.090.000 KR.
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 2.590.000 KR.
**STAÐALBÚNAÐUR:** 120 HÖ, LOFTKÆLING, BAKKMYNDAVÉL, BLUETOOTH, SNERTISKJÁR, HITI Í SÆTUM OG SPEGLUM, 16" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, AKSTURSTÖLVA O.FL.




*Miðast við hámarksakstur 15.000 km á ári. Takmarkað magn bíla í boði.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Fiat - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.fiat.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16





**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Meirihluti plastumbúða skilar sér ekki til endurvinnslu

**UMHVERFISMÁL** Aðeins rúm 42 prósent af þeim plastumbúðum sem settar voru á markað árið 2016 skiluðu sér til endurvinnslu og magn plastumbúða á markaði jókst um tæplega 1.400 tonn milli áranna 2014 til 2016.

Þetta kemur fram í svari Guðmundar Inga Guðbrandssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra, við fyrirspurn Olgu Margrétar Cilia, varaþingsmanns Pírata, fyrir helgi.

Þar segir að til séu áreiðanlegar tölur frá Endurvinnslunni hf. og Úrvinnslusjóði yfir notkun plastumbúða, það er magn umbúða sem settar eru á markað og afdrif þeirra. Plastumbúðir á markaði árið tvö þúsund og fjórtán voru 13.660 tonn en af þeim skiluðu 4.478 tonn sér til endurvinnslu.

Árið 2014 nam magn plastumbúða 14.806 tonnum en til endurvinnslu komu 5.511 tonn. Árið 2016 var magnið 15.029 tonn en af þeim skiluðu 6.411 tonn sér í endurvinnslu.



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra.**

Plastumbúðir sem skiluðu sér til brennslu með orkunýtingu námu á alls 423 tonnum árið 2014 og 666 tonnum árið 2016. Plastúrgangur, annar en plastumbúðir, sem skiluðu sér í endurvinnslu var 193 tonn 2014, 171 tonn 2015 og 666 tonn árið 2016.

Í svarinu segir að erfitt sé að leggja mat á hversu stór hluti þetta er af þeim plastúrgangi sem fellur til þar sem tölur yfir notkun vantar og töluverður hluti plastúrgangs fer að öllum líkindum með blönduðum úrgangi til förgunar.

Í svarinu kemur einnig fram að alls voru flutt inn rúmlega 155 kíló af innkaupapokum úr plasti í fyrra en magntölur fyrir innlenda framleiðslu séu ekki fáanlegar.

Þar sem fyrirspurn Olgu Margrétar sneri að mengun af völdum plastnotkunar kemur fram að ekki hafi farið fram beinar mælingar á þeirri mengun. Umfang úrgangs við strendur sé þó reglulega kannað. **– smj**



**Helga Vala Helgadóttir er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Körlum verði heimilt að höfða faðernismál

**ALÞINGI** Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur lagt fram frumvarp um breytingu á barnalögum þess efnis að karlmönnum verði gert kleift að höfða faðernismál. Hingað til hafa karlar aðeins getað höfðað slíkt mál ef barnið hefur ekki verið feðrað.

**» Hingað til hafa karlar aðeins getað höfðað faðernismál ef barnið hefur ekki verið feðrað**

Áður var heimild til höfðunar faðernismáls takmörkuð við móður og barn en með dómi Hæstaréttar árið 2000 var komist að þeirri niðurstöðu að sú takmörkun bryti gegn stjórnarskrá. Við breytingu laganna í kjölfar dómsins var ákveðið að heimild karlmanna til höfðunar slíks máls yrði takmörkuð við ófeðruð börn til að forðast tilhæfulausar málshöfðanir.

Hingað til hefur skráður faðir, móðir eða barn þurft að höfða véfengingarmál til niðurfellingar faðernis áður en hægt er að höfða faðernismál.

Sambærilegt frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi í þrígang en ekki náð fram að ganga. **– jóe**

# Segir velferð fiskanna aldrei hafða að leiðarljósi hér á landi

**Formaður Dýraverndunarsamtaka Íslands segir bæði frístundaveiðimenn og laxeldisfyrirtæki stunda siðlausa hegðun gagnvart fiskum sem synda í kringum landið, bæði frjálsir og í kvíum. Annað væri uppi á teningnum ef fiskar gæfi frá sér sársaukaóp við veiðar. Fimmtíu þúsund fiskar drápust í eldi í Tálknafirði.**

**DÝRAVERND** Rúmlega 50 þúsund dýr drápust í umsjá Arnarlax í Tálknafirði þann 12. febrúar síðastliðinn þegar sjókví hjá þeim aflagaðist og seig. Dýraverndunarsamtök Íslands gagnrýna þauleldi eins og þetta og segja velferð fiskanna virta að vettugi.

„Við höfum áhyggjur af fiskeldi á Íslandi út frá dýravelferðarsjónarmiðum. Við verðum aldrei vör við að velferð fiskanna sé rædd," segir Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndarsambands Íslands. „Nú er uppi barátta milli fiskeldismanna og frístundaveiðimanna án þess að velferð fiskanna sé höfð að leiðarljósi, aðeins hagsmunir, yfirráð og peningar.“

Tvö óskyld atvik áttu sér stað hjá Arnarlaxi þann 12. febrúar þegar níu göt komu á sjókví fyrirtækisins í Arnarfirði og önnur kví í Tálknafirði seig að hluta til undir yfirborð sjávar. Matvælastofnun telur ólíklegt að fiskur hafi sloppið úr kvínni. Af þeim myndum og gögnum sem MAST fékk frá fyrirtækinu segjast þeir geta metið það sem svo að fyrirtækið hafi brugðist rétt við til að fyrirbyggja frekara tjón.

Miklar deilur hafa sprottið upp um laxeldi hér við land og vilja sumir meina að eldislax geti eyðilagt hinn íslenskættaða villta laxastofn og að eldi mengi út frá sér. Hallgerður bendir hins vegar á að bæði frístundaveiðimennska sem og þauleldi séu í eðli sínu siðlausar athafnir. „Frístundaveiðimenn og aðilar í fiskeldi eiga fyrst og fremst í deilum vegna sinna eigin hagsmuna. Báðir hóparnir fara þannig með dýrin að þau þjást. Við þauleldi fiska eins og hér er stundað eru 20 prósent afföll algeng á fiskum, í hvaða búskap eru 20 prósent afföll bústofns eðlileg? Og veiðimenn sem veiða laxinn og sleppa honum síðan. Það eru auðvitað pyntingar. Báðir hóparnir sýna því siðleysi gagnvart velferð fiskanna.“



**Formaður Dýraverndunarsamtaka Íslands segir frístundaveiðar og laxeldi vera siðlaust athæfi.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

**Báðir hóparnir sýna því siðleysi gagnvart velferð fiskanna**



Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndunarsambands Íslands

Fiskur gefur ekki frá sér hljóð við sársauka þrátt fyrir að finna hann. Að mati Dýraverndunarsamtaka Íslands yrði annað hljóð í strokknum ef fiskar gæfu frá sér hljóð. „Auðvitað skiptir máli að fiskurinn gefur ekki frá sér hljóð. Það væri nú eitthvað annað uppi á teningnum ef hljóð kæmi frá fiskum líkt og hundum eða köttum þegar þeir finna til. Hljóðleysi fiskanna gerir fólki auðveldara að leiða hjá sér hugsanlegar þjáningar þeirra.“

**sveinn@frettabladid.is**



Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is
HEKLA

# Skagfirðingar bægja atvinnukreppu frá hnignandi Hofsósi með byggðakvóta

**BYGGÐAMÁL** „Síðustu ár hafa verið erfið fyrir byggð á Hofsósi. Þjónusta hefur dregist saman og atvinnutækifærum fækkað,“ segir í greinargerð sem lögð var fyrir byggðaráð Skagafjarðar í síðustu viku um leið og samþykkt var að hleypa af stað atvinnuþróunarátaki á staðnum.

Markmiðið er að fjölga atvinnutækifærum og efla byggð á Hofsósi. „Jafnframt mun sveitarfélagið beita sér fyrir því að úthlutað verði sérstökum byggðakvóta til Hofsóss til að tryggja framtíð smábátaútgerðar á staðnum sem nú stendur höllum fæti og frekara svigrúm verði veitt til sjóstangveiði á Skagafirði,“ segir í tillögunni sem samþykkt var í byggðaráði.

Þá á að óska eftir samvinnu við Byggðastofnun og ráðuneyti byggðamála um tafarlausar aðgerðir til að sporna við byggðaröskun og fólksfækkun á Hofsósi.



**Áföll hafa verið í atvinnulífi á Hofsósi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Skortur á aflaheimildum, skerðingar á byggðakvóta og nýleg einhliða aflétting sjávarútvegsráðuneytis á friðun á innanverðum Skagafirði fyrir dragnótaveiði, hafa skapað mjög alvarlega stöðu fyrir byggðina,“ segir í greinargerðinni um Hofsós.

„Skjótvirkasta leiðin til úrbóta er að auka strax við byggðakvóta en hann hefur dregist mjög saman þrátt fyrir almennar aukningar á veiðiheimildum.“ **– gar**



# ÁFALLASAGA KVENNA

## VÍSINDARANNSÓKN HÁSKÓLA ÍSLANDS

**Opinn kynningarfundur í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8, fimmtudaginn 1. mars kl. 17.00 - 18.30. Kaffiveitingar frá kl. 16.45 - allir velkomnir.**

Í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu ræðst Háskóli Íslands í eina stærstu vísindarannsókn sinnar tegundar á heimsvísu þar sem skoðuð eru áhrif áfalla á heilsufar kvenna. Allar konur 18 ára og eldri eru boðnar til þátttöku. Markmið rannsóknarinnar er að skila aukinni þekkingu á algengi ýmiskonar áfalla og ofbeldis meðal kvenna á Íslandi og heilsufarsáhrifum þeirra, en þannig gætu niðurstöður hennar nýst til forvarna gegn ofbeldi og heilsufarsáhrifum þess.

**Með þekkingu breytum við heiminum.**

Nánari upplýsingar á afallasaga.is

---

**Erindi flytja**



**Katrín Jakobsdóttir**
forsætisráðherra
Opnun kynningarfundar



**Unnur Valdimarsdóttir**
prófessor
Ögurstund heilsufars



**Berglind Guðmundsdóttir**
yfirsálfræðingur LSH
Áfallastreita - er hjálp að fá?



**Stella Samúelsdóttir**
framkvæmdastýra UN Women á Íslandi
Hvernig UN Women uppræti kynbundið ofbeldi



**Arna Hauksdóttir**
prófessor
Rannsóknin Áfallasaga kvenna



**Kári Stefánsson**
læknir og erfðafræðingur
Lokaorð

Áfallasaga kvenna
Vísindarannsókn Háskóla Íslands

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

# Forsetinn geti setið lengur en tvö tímabil

**Xi Jingping getur setið lengur á stóli forseta en til ársins 2023 verði breytingar á stjórnarskrá landsins samþykktar. Flestir telja það aðeins formsatriði.**

**KÍNA** Kommúnistaflokkur Kína hefur lagt til að fella úr gildi ákvæði í stjórnarskrá landsins sem takmarkar setu einstaklings á forsetastóli við tvö fimm ára kjörtímabil. Breytingin myndi gera sitjandi forseta, Xi Jinping, kleift að sitja á valdastóli eins og ævi hans leyfir.

Staða forsetans í Kína er gífurlega sterk en undir lok október í fyrra voru stefna hans og hugsjónir festar í lög Kommúnistaflokksins. Fyrri leiðtogar flokksins höfðu fengið ýmsar hugmyndir og stefnur í stjórnarskrá flokksins en Xi er sá fyrsti síðan Maó Zedong var og hét sem fær nafn sitt og sérstaka hugmyndafræði festa í plaggið.

„Miðstjórn Kínverska kommúnistaflokksins leggur til að ákvæði þess efnis að forseti og varaforseti lýðveldisins Kína „skuli ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil“ verði fellt úr stjórnarskrá landsins,“ segir í tilkynningu frá Kommúnistaflokknum.

Kínverska þingið mun þurfa að samþykkja breytinguna en flestir telja að það muni aðeins vera formsatriði.




Xi Jinping nýtur mikillar hylli í heimalandinu. NORDIC PHOTOS/AFP

Xi, sem er fæddur árið 1953, er sonur eins af stofnendum Kínverska kommúnistaflokksins. Hann gekk í flokkinn árið 1974 og hefur síðan þá klifið til æðstu metorða innan hans. Árið 2013 varð hann forseti landsins en síðan þá hefur hagvöxtur í Kína verið gífurlegur og barist hefur verið gegn spillingu í landinu. Á móti hefur þjóðernishyggju vaxið ásmegin og mannréttindi eru reglulega fótum troðin.

Tveggja kjörtímabila reglunni var komið á fót af Deng Xiaoping á tíunda áratug síðustu aldar. Var það meðal annars gert með það að markmiði að koma í veg fyrir að menn yrðu samgrónir forsetastólnum. Ráðamenn í flokknum hafa sagt í kínverskum miðlum að ekki sé stefnt að því að forsetinn verði ævikjörinn en hins vegar liggi ekki fyrir hve lengi er gert ráð fyrir að hann sitji.

Ýmsir hræðast breytinguna og það sem hún gæti haft í för með sér. „Ég tel að hann muni verða keisari síðar meir,“ hefur AFP eftir Willy Lam, stjórnmálafræðiprófessor í kínverska háskólanum í Hong Kong. joli@frettabladid.is










24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Ábyrgð þorps



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er stundum sagt að það þurfi heilt þorp til þess að ala upp barn og það ekki að ástæðulausu. Öll berum við ábyrgð í samfélagi og öllum ber okkur að vera virk og vakandi fyrir því sem betur mætti fara. Þar duga ekki orðin tóm heldur verðum við að bregast við óréttlæti, koma þeim til hjálpar sem fyrir því verða og sjá til þess að þeir sem því valda taki ábyrgð á gjörðum sínum. Ef samfélag stingur hausnum í sandinn fer illa.

Mál mannsins sem beitti fjölmargar stúlkur á Sauðárkróki kynferðislegu ofbeldi er dæmi um slíkt mál. Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir blaðamaður fjallar um málið í síðasta tölublaði Stundarinnar. Þar er rætt við 12 stúlkur og suma af aðstandendum þeirra, gerandann og fleiri aðila. Umfjöllunin í Stundinni er sláandi enda greina þar þolendur frá miklu markaleysi geranda og brotum hans en að auki hvernig þær voru dæmdar af samfélaginu. Foreldrar lýsa þeirri þögn sem mætti þeim innan samfélagsins, stórfelldum ágöllum kerfisins í kæruferli en kærum á hendur manninum var ítrekað vísað frá. Gerandinn sjálfur greinir svo frá því að hann hafi nú verið edrú í rúmlega ár og að markalausa hegðun hans megi rekja til áfengisneyslu.

Því miður hljóma frásagnir kvennanna kunnuglega því samfélagið hefur lengi verið gegnsýrt af kynferðislegu ofbeldi og það er löngu mál að linni. Ef það á að ganga eftir verður að uppræta alla gerendameðvirkni, eins og leynir sér ekki í málinu á Sauðárkrók, og rjúfa það hegðunarmynstur sem veldur öllum þessum sársauka. Það er ómurlegt að hugsa til þess að íþróttafélag á borð Tindastól hafi átt stóran þátt í að hlífa gerandanum við því að taka ábyrgð á gjörðum sínum og breyta hegðun sinni til betri vegar. Þar liggur mikil skömm.

Öflug íþróttafélög mynda oft ákveðinn kjarna innan síns nærsamfélags og það gildir ekki einvörðungu um félög á landsbyggðinni heldur ekkert síður í hverfisfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Eðli málsins samkvæmt eru iðkendur ungir að árum og þau yngri horfa til þeirra sem eldri eru sem fyrirmynda. Það er svo á ábyrgð stjórnenda að þær fyrirmyndir hagi sér með ásættanlegum hætti og séu ekki öðrum til skaða. Undan þessu verður ekki hlaupist eins og var greinilega gert á Sauðárkróki.

Það er dapurlegt að hugsa til þess hversu mörgum konum hefði mátt forða undan kynferðislegu ofbeldi ef tekið hefði verið á máli gerandans á Sauðárkróki af festu og ábyrgð. Höfum í huga að Tindastóll er langt frá því eina félagið sem hefur brugðist konum í sínu nærsamfélagi. Gerendameðvirkni er allt of víða til staðar í íslensku samfélagi og það er í raun útilokað að átta sig á hversu geigvænlegum skaða hún er að valda á hverjum degi. Hversu miklu hefði ekki mátt bjarga með því að standa með fyrsta þolandanum á Sauðárkróki, kalla gerandann til ábyrgðar og gera honum grein fyrir afleiðingum gjörða sinna vitum við ekki. Slík mál verða að hætta að endurtaka sig því þetta samfélag er þorp þar sem við berum ábyrgð hvert á öðru.

**Gerendameðvirkni er allt of víða til staðar í íslensku samfélagi og það er í raun útilokað að átta sig á hversu geigvænlegum skaða hún er að valda á hverjum degi.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Sinn er siður**
**Það líður vart sá dagur að einhver básúni ekki þeirri skoðun sinni að við eigum að sýna umskurðarvenjum fólks tillitssemi og að það brjóti gegn mannréttindum hópa að banna umskurð drengja. Rök þeirra virðast byggja á hinu fornkveðna að sinn sé siður í hverju landi. Mark væri takandi á slíkum rökum nema fyrir þá staðreynd að það er búið að gefa út dánarvottorð siðferðislegrar afstæðishyggju fyrir mörgum árum. Það er spurning hvað andstæðingum umskurðarbannsins þykir um það að gefa unglingsstúlkur í hjónaband gegn þeirra vilja eða aðrar álíka gjaldþrota venjur. Þær má nefnilega rökstyðja með sömu orðum.**

**Fleiri en einn ókuþór?**
**Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, sagði í Silfrinu í gær að starfsbróðir sinn, Ásmundur Friðriksson, væri undir rökstuddum grun um að hafa dregið sér fé með endurgreiðslu á aksturskostnaði. Það er að vísu rétt að Ásmundur var manna duglegastur að keyra um landið en hann hlaut þó aðeins um einn tíunda af þeirri upphæð sem endurgreidd var síðustu fimm ár. Spurning er því hvort fleiri séu undir rökstuddum grun en aðeins Ásmundur.**
**joli@frettabladid.is**

# Mannréttindi eru hornsteinninn



Allir eru bornir frjálsir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum.“ Þannig hljóðar upphaf mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna en í ár eru sjötíu ár liðin síðan hún var samþykkt.

Tímamótanna verður minnst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna allt þetta ár en hátíðahöldin ná hámarki á alþjóðlega mannréttindadeginum, 10. desember. Sérhvert aðildarríki Sameinuðu þjóðanna er hvatt til að minnast tímamótanna, hvert með sínum hætti, stjórnvöld og almenningur. Við Íslendingar látum ekki okkar eftir liggja, nægar eru áskoranirnar á alþjóðavettvangi.

Mannréttindi eru einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu. Við sem störfum í utanríkisþjónustunni tökum alvarlega það hlutverk okkar að tala fyrir mannréttindum, bæði á vettvangi alþjóðastofnana og í tvíhliða samskiptum við önnur ríki. Sjálfur fæ ég í dag tækifæri til að ávarpa Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna öðru sinni, þegar það kemur til fundar í Genf.

Mannréttindaráðið er einn helsti vettvangur umræðu um mannréttindamál á alþjóðavettvangi. Aðildarríki SÞ eiga þar mikilvæg skoðanaskipti um stöðu mannréttinda og í ráðinu gefst tækifæri til að bera upp þær áhyggjur sem menn kunna að hafa af þróun í tilteknum ríkjum og í tilteknum málaflokkum.

Málafylgja Íslands í mannréttindaráðinu vakti athygli á síðasta ári og forystuhlutverk það sem við tókum í málefnum Filippseyja en stjórnvöld þar í landi hafa kosið að beita aðferðum í baráttu sinni gegn útbreiðslu fíkniefna sem ganga gróflega í bága við mannréttindi. Það er ánægjulegt að rödd okkar hafi heyrst, með þeim hætti sem raun bar vitni, og hvetur okkur til dáða.

Það er mikilvægt að rödd Íslands hljómi hátt og skýrt í Mannréttindaráðinu, okkar áherslur á algild mannréttindi, kynjajafnrétti og réttindi hinsegin fólks. Við munum halda áfram að beita okkur með svipuðum hætti. Þannig stöndum við best vörð um þau réttindi sem mannréttindayfirlýsingin felur í sér.

**Það er mikilvægt að rödd Íslands hljómi hátt og skýrt í Mannréttindaráðinu, okkar áherslur á algild mannréttindi, kynjajafnrétti og réttindi hinsegin fólks.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Nú þurfum við að velja



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skrifar

Ein stærsta og mikilvægasta framkvæmd Íslandssögunnar stendur nú fyrir dyrum. Þar getum við valið milli tveggja megin valkosta. Annar kosturinn er sá að halda sig við gömul áform án þess að taka tillit til allra þeirra breytinga sem hafa orðið í millitíðinni. Köllum þetta valkost A.

**Valkostur A**

- Að halda áfram að vinna samkvæmt áratugagömlum áformum um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut þótt allar meginforsendur framkvæmdarinnar séu gjörbreyttar frá því áformin urðu til
- Ráðast í margra ára risaframkvæmd á stað sem erfitt er að komast að og fara frá. Flytja gífurlegt magn jarðefna, steypu, stáls o.s.frv. um mestu umferðarteppugötur landsins. Ætla á sama tíma að þrengja enn að umferðinni með því að leggja tvær akreinar á helstu samgönguæðum undir borgarlínustrætó
- Láta starfsemi þjóðarsjúkrahússins fara fram á vinnusvæði árum saman með tilheyrandi sprengingum, fleygunum og hávaða frá stórum og litlum vinnuvélum
- Treysta á að þegar framkvæmdum lýkur muni jafnvel aðeins fjórðungur sjúklinga, starfsfólks og gesta koma á sjúkrahúsið á eigin bílum. Komast svo að raun um að auðvitað hafi það verið algjörlega óraunhæft og sitja uppi með afleiðingarnar
- Hefja svo loks að mörgum árum liðnum tilraunir til að gera húsin sem fyrir eru hæf undir nútíma sjúkrahúsþjónustu, hreinsa burt myglu- og rakaskemmdir skipta um lagnir, gólf, loft og glugga. Skipta um allt og treysta því að það verði ódýrara en að byggja nýtt. Færa starfsemina fram og til baka á meðan á framkvæmdum stendur. Komast loks að því að sum húsin voru ónýt eftir að kostnaður hefur farið fram úr áætlun sjö sinnum
- Reyna svo að láta húsaþyrpingu um tuttugu misgamalla húsa virka sem eina heild
- Sitja uppi með þjóðarsjúkrahús sem erfitt er að komast til og frá. Húsaþyrpingu stórra steinsteypukassa sem fólk ferðast á milli í neðanjarðargöngum eða ofanjarðar í vindgöngunum sem liggja á milli kassanna

En það blasir líka við annar valkostur. Köllum hann valkost M.

**Valkostur M**

- Sýna að stjórnmálamenn geti endurmetið hlutina, tekið ákvarðanir og látið verkin tala. Velja staðsetningu fyrir nýtt þjóðarsjúkrahús, hannað fyrir 21. aldar heilbrigðisþjónustu. Hús þar sem allt er nýtt og allt virkar sem ein heild
- Setja færustu hönnuði á fullt við að teikna glæsilegt þjóðarsjúkrahús og hefja framkvæmdir á stað þar sem rými er nægt, þar sem framkvæmdir eru mun ódýrari en í miðborgarbyggð og ganga miklu hraðar og betur fyrir sig
- Byggja á nokkrum árum fallegt hús í fallegu umhverfi. Hús og umhverfi sem lyftir andanum og eykur vellíðan. Úr hverri sjúkrastofu blasir við fallegt útsýni og sjúklingar og starfsfólk getur eftir atvikum sest út á bekk í fallegum garði eða farið í göngutúr eða hádegissprett í fallegri náttúru
- Flytja starfsemi Landspítalans í nýtt og fullbúið sjúkrahús en halda hugsanlega áfram heilbrigðisstarfsemi í bestu húsunum við Hringbraut. Önnur hús yrðu seld, t.d. undir hótel, skrifstofur eða þau rifin eftir því sem við á
- Á skemmri tíma en tekið hefði að klára nýbyggingar og endurbyggingu gömlu húsanna við Hringbraut væri risið nýtt stórglæsilegt þjóðarsjúkrahús á besta stað. Stað þar sem aðgengi er gott og stærsti vinnustaður landsins leggur sitt af mörkum við að dreifa umferðarálaginu í borginni fremur en að auka á vandann. Framkvæmdin væri auk þess ódýrari en margra ára bras í miðbænum

**Föst í hjólförunum**

Valið virðist auðvelt en samt heldur „kerfið“ áfram að vinna að valkosti A. Þó virðist það ekki gert af sannfæringu fyrir því að sá valkostur sé hinn eini rétti. Í stað þess að reyna að verja hinar úreltu forsendur er tvennt endurtekið í sífellu. Annars vegar að það hafi farið svo mikill tími í Hringbraut án þess að það hafi verið klárað (skilað árangri) þ.a. það verði að setja enn meiri tíma í þetta. Hins vegar er kastað fram órökstuddum yfirlýsingum um að það myndi kosta meira að byggja á nýjum stað og lengja biðina um 15 ár! Hvort tveggja ævintýralega órökrétt.

Til skoðunar hefur verið að rífa nýlegt stórhýsi Orkuveitu Reykjavíkur vegna myglu. Kársnesskóli í Kópavogi var skyndilega yfirgefinn eftir að rakaskemmdir fundust. Hann verður rifinn. Höfuðstöðvar Íslandsbanka á Kirkjusandi voru rýmdar eftir að mygla fannst á 5. hæð. Húsið stendur autt og bíður örlaga sinna. Starfsmenn Tryggingastofnunar yfirgefa nú húsnæðið þar sem stofnunin hefur verið um áratuga skeið og nýverið ákvað sjálft ráðuneyti heilbrigðismála að flytja starfsemi sína vegna gruns um myglu. Ráðuneytið starfar nú í bráðabirgðahúsnæði.En húsnæðið sem frægast er fyrir myglu, rakaskemmdir, alkalískemmdir og önnur slík vandamál á að verða framtíðarhúsnæði þjóðarsjúkrahússins. Ekki nóg með það, heldur er mikilvægi þess að nýta mygluðu húsin megin röksemdin fyrir því að það þurfi að klára öll hin mistökin sem áformunum tengjast. Það getur ekki verið að við ætlum að láta það viðgangast að ákvarðanir séu teknar með þessum hætti á 100 ára fullveldisafmæli Íslands.


## Aðalfundur N1 hf.

Aðalfundur N1 hf. verður haldinn mánudaginn 19. mars 2018 klukkan 16.00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

### Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.
3. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.
4. Ákvörðun tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2017.
5. Skilyrt tillaga stjórnar um styttingu kjörtímabils þeirrar stjórnar sem kjörin skal á aðalfundi félagsins 19. mars 2018.
6. Stjórnarkjör.
7. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar.
9. Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu félagsins.
10. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
11. Önnur mál löglega upp borin.

### Tillögur

a) **Ársreikningur (liður 3)**
Stjórn leggur til að ársreikningur fyrir árið 2017 verði samþykktur.

b) **Arðgreiðsla (liður 4)**
Stjórn leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður vegna rekstrarársins 2017.

c) **Skilyrt tillaga stjórnar um styttingu kjörtímabils þeirrar stjórnar sem kjörin skal á aðalfundi félagsins 19. mars 2018 (liður 5)**
Hluti af samningsefndum N1 hf. samkvæmt kaupsamningi sem undirritaður var hinn 3. október 2017 milli N1 hf. og SF V slhf., um kaup á öllu hlutafé í Festi hf., er að ef til kemur að öll skilyrði kaupsamningsins verði uppfyllt og fallið hafi verið frá öllum fyrirvörum, verði boðað til hluthafafundar hjá N1 hf. þar sem tillaga um stjórnarkjör verði á dagskrá. Með vísan til framangreinds leggur stjórn til svohljóðandi skilyrta tillögu:
„Stjórn N1 hf. leggur til að aðalfundur félagsins sem haldinn er 19. mars 2018 samþykki að kjörtímabil þeirrar stjórnar sem kjörin skal á aðalfundinum verði stytt frá því sem 1. mgr. 17. gr. samþykkta félagsins kveður á um ef til þess kemur að öll skilyrði kaupsamnings N1 hf. um kaup á öllu hlutafé í Festi hf. verða uppfyllt og fallið verður frá öllum fyrirvörum. Samkvæmt gildandi ákvæði skal stjórn kjörin til eins árs í senn en stjórn leggur til, ef framangreind skilyrði ganga eftir, að kjörtímabili þeirrar stjórnar sem kjörin skal á aðalfundinum ljúki innan átta vikna frá fullnustu kaupsamnings um kaup N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf. Tillagan felur í sér að áður en kjörtímabili stjórnarinnar lýkur skal stjórn félagsins boða til hluthafafundar þar sem á dagskrá verður kjör stjórnar, sú stjórn sem þá verður kjörin mun sitja fram að aðalfundi félagsins árið 2019. Þrátt fyrir að tillaga þessi feli ekki í sér breytingu á samþykktum félagsins telur stjórn að gæta verði sömu skilyrða, þannig að aukinn meirihluta atkvæða þurfi til að samþykkja tillögu þessa. Af sjálfu leiðir að þá stendur kjörtímabil stjórnar óbreytt til næsta aðalfundar ef skilyrði vegna kaupanna á öllum hlutum í Festi hf. ganga ekki eftir.“

d) **Kjör endurskoðanda (liður 6)**
Stjórn leggur til að endurskoðunarfirmað Ernst & Young sjái áfram um endurskoðun á ársreikningi félagsins vegna rekstrarársins 2018.

e) **Þóknun til stjórnar (liður 7)**
Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

Stjórnarformaður fái kr. 720.000 á mánuði.
Varaformaður stjórnar fái kr. 540.000 á mánuði.
Aðrir stjórnarmenn fái kr. 360.000 á mánuði.
Fulltrúar í starfskjaranefnd fái kr. 50.000 á mánuði og formaður starfskjaranefndar kr. 100.000 á mánuði.
Fulltrúar í endurskoðunarnefnd fái kr. 80.000 á mánuði og formaður endurskoðunarnefndar kr. 140.000 á mánuði.
Formaður fjárfestingaráðs fái kr. 140.000 á mánuði.
Formaður fjárfestingaráðs fái kr. 1.440.000 fyrir liðið starfsár.

f) **Starfskjarastefna (liður 8)**
Stjórn leggur til að starfskjarastefna frá fyrra ári verði samþykkt óbreytt.

g) **Kaup á eigin bréfum (liður 9)**
Stjórn leggur til svohljóðandi tillögu:
„Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé félagsins í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfaviðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfaviðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar.“

### Aðrar upplýsingar

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9:00-16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 miðvikudaginn 14. mars 2018.

Hluthafar eiga rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundar skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 mánudaginn 5. mars 2018.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn. Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16.00 miðvikudaginn 14. mars 2018. Framboðum skal skila á skrifstofu N1 hf., Dalvegi 10-14, Kópavogi, eða á netfangið hluthafar@n1.is. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Allir núverandi stjórnarmenn félagsins hafa þegar gefið kost á sér til endurkjörs. Hluthafar eiga rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við stjórnarkjör í tvo sólarhringa frá því að stjórn kunngerir niðurstöður framboða til stjórnar, ef ekki er sjálfkjörið.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 15.30 á aðalfundardegi.

**Stjórn N1 hf.**

N1



-40%

AÐEINS 70 STK.

VERÐ ÁÐUR: 3.995

**MELISSA**
**KAFFIVÉL - 1050W**
- Lagar 10 bolla við 93°C á innan við 8 mín. MEL21111

# 2.395



-22%

AÐEINS 80 STK.

VERÐ ÁÐUR: 89.995

**SAMSUNG**
**40" SNJALLSJÓNVARP UHD**
UE40MU6195XXC

# 69.995



-32%

VERÐ ÁÐUR: 5.895

**SENNHEISER**
**TAPPAR F. SAMSUNG/IPHONE**
SECX200GHV / SECX200GSV
SECX200IHV / SECX200ISV

# 3.995

A+++ Orkuflokkur | 1600 Snúninga | 9 Kg



-30%

AÐEINS 30 STK.

VERÐ ÁÐUR: 99.995

**ELECTROLUX**
**ÞVOTTAVÉL - ULTRACARE ECO**
- Gufukerfi og kolalaus mótor
UFW47K9161

# 69.995



-40%

AÐEINS 150 STK.

VERÐ ÁÐUR: 12.990

**HOOVER**
**RYKSUGA SPACE EXPLORER**
- 7,5 m vinnuradíus og parkethaus fylgir
SL11PAR011

# 7.777

A++ Orkuflokkur | 44dB Hljóðstyrkur | 13 Manna



-28%

AÐEINS 25 STK.

VERÐ ÁÐUR: 74.995

**BOSCH**
**UPPÞVOTTAVÉL**
- Hnífaparaskúffa og 100% AquaStop
SMU46KW01S

# 53.995

A++ Orkuflokkur | 100 L Kælir | 14 L Frystir | 85 Hæð



-33%

Arsene Wenger hefur unnið sautján titla sem sem knattspyrnustjóri Arsenal, þar af hefur hann unnið enska bikarinn sjö sinnum en aldrei hefur honum tekist að vinna enska deildarbikarinn á þeim 22. árum sem hann hefur stýrt Arsenal. Hefur Arsenal þrívegis komist í úrslitaleikinn eftir aldarmót(2007, 2011, 2018) en alltaf hafa Skytturnar þurft að horfa á eftir bikarnum til andstæðinganna.

### Komið að stóru bikurunum

Þegar Manchester City réð Pep Guardiola fyrir um átján mánuðum var það gert með augastað

## Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Sigur Manchester United var ekki aðeins kærkominn í stigatöflunni heldur líka fyrir Jose Mourinho sem hefur verið að skjóta skotum á sína fyrri lærisveina. Gefur sigurinn liðinu heilmikið fyrir baráttuna sem er fram undan um sæti í Meistaradeild Evrópu.

**Hvað kom á óvart?**
Aðrir nýliðar, lið Brighton, var aðeins búið að skora 22 mörk í 27 leikjum fyrir helgina en þeir hentu í meiriháttar veislu þar sem leikmenn liðsins skoruðu fimm mörk, þar af eitt í eigið net í dýrmætum sigri í baráttunni um að halda sæti sínu í deild þeirra bestu.

**Mestu vonbrigðin**
Spútniklið fyrri hluta tímabilsins, Burnley, er í frjálsu falli þessa dagana enda vannst síðast leikur 12. desember. Þeir voru nokkrum mínútum frá góðum sigri en Gabbiadini stal stigi fyrir Dýrlingana á Turf Moor.

## Leikmaður helgarinnar



Glenn Murray var enn og aftur hetja Brighton-manna sem unnu 4-1 sigur á heimavelli. Þessi 34 ára gamli markahrókur skoraði tvö marka Brighton og er kominn með tólf mörk í ensku úrvalsdeildinni í vetur.

Murray sem hefur flakkað á milli Championship og efstu deildar á Englandi skoraði ekki í fyrstu sex leikjum vetrarins en hefur nú skorað sjö mörk í síðustu níu leikjum. Í liði sem skorar afskaplega lítið hefur Murray reynst afar drjúgur.

Fyrra markið kom af vítapunktinum eftir að hann hafði krækt sjálfur í vítaspyrnu og fullur sjálfstrausts skaut hann í mitt markið. Seinna markið var svo ekta framherjamark, dró sig til baka og fann pláss fyrir aftan varnarmennina til að skora í autt netið.



HOTOS/GETTY

# gegn Man City

i 3-0 sigri á Arsenal. Klaufaleg mistök kostuðu Skytturnar
etta var í þriðja sinn sem hann tapar úrslitaleiknum.

» Er þetta í þriðja sinn á undanförnum fimm árum sem Manchester City vinnur enska deildarbikarinn..

Ég skil ekki hvernig myndbandsdómararnir flauta ekki af annað mark Manchester City í leiknum, það var klár rangstæða.

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal

á að byggja upp nýtt afl í enskri og evrópskri knattspyrnu.

Hann hafði stýrt liðum Barcelona og Bayern Munchen og unnið alla titla sem í boði voru en þetta var öðruvísi áskorun í erfiðari deild.

Hann fékk opið veski með það að markmiði að setja saman lið sem myndi gera atlögu að Meistaradeild Evrópu ásamt því að festa liðið í sessi sem besta lið Englands. Það er pressa sem hann þekkir vel og hefur unnið undir í Þýskalandi og Englandi að þurfa að berjast um alla titla. „

Ég er mjög sáttur með að hafa unnið minn fyrsta titil og að strákarnir hafi unnið fyrsta bikarinn sem var í boði á þessu tímabili, ég fann fyrir pressu eftir síðasta tímabil en ég er þakklátur klúbbnum fyrir fagmennskuna og stuðninginn sem félagið sýndi mér.“ sagði Guardiola á blaðamannafundi í gær en hann eyddi um 171 milljónum punda fyrsta sumar sitt en endaði tímabilið án þess að vinna bikar. Þá datt City nokkuð óvænt út úr bikarnum gegn Wigan á dögunum en er svo gott sem komið í 8-liða úrslit Meistaradeildarinnar og á öruggri siglingu í átt að enska meistaratitlinum. „Við þurftum að svara fyrir tapið í bikarnum og í seinni hálfleik var frammistaðan okkar óaðfinnanleg. Þetta er spilamennskan sem við þurfum á að halda ef við ætlum okkur lengra í Evrópukeppninni. Nú er komið að því að klára enska titilinn og að sjá hversu langt við komumst í Evrópu.“

Þótt að Guardiola hafi yfirleitt stýrt einum af bestu liðum heims er árangur hans í úrslitaleikjum ótrúlegur en í ellefu úrslitaleikjum hefur Guardiola aðeins tapað einu sinni, þá spænska bikarnum er hann stýrði Barcelona gegn Real Madrid árið 2011.

**kristinnpall@frettabladid.is**

# SALAH EYGIR MARKAMET RUSH



47

mörk skoraði Ian Rush tímabilið 1983-84, met hjá Liverpool sem Salah er farinn að nálgast.

**FÓTBOLTI** Mohamed Salah var eins og oft áður á skotskónum í 4-1 sigri Liverpool gegn West Ham í gær en markið sem hann skoraði var hans 31. í öllum keppnum. Hefur hann þegar náð að skora jafn mörg mörk og Luis Suarez skoraði er hann var valinn leikmaður ársins á Englandi eftir tímabilið 2013-14 í jafn mörgum leikjum(37). Hefur hann verið einn albesti leikmaður deildarinnar hingað til en hann hefur skorað 23 mörk og lagt upp átta mörk í aðeins 28 leikjum eftir að hafa komið frá Roma á Ítalíu síðastliðið sumar. Aðeins þrír leikmenn Liverpool á undanförnum 80 árum hafa skorað jafn mörg mörk á tímabili og er Salah kominn í flokk með Ian Rush, Robbie Fowler og Roger Hunt þótt að febrúar sé ekki búinn. Liverpool gæti leikið alls fimmtán leiki komist þeir alla leið í Meistaradeild Evrópu en Salah vantar sextán mörk til þess að jafna markamet Rush yfir flest mörk skoruð á einu tímabili. – **kpt**

# STÍGVÉLIÐ EKKI LANGT UNDAN FYRIR PARDEW



**FÓTBOLTI** Það gengur gjörsamlega ekkert hjá West Brom og Alan Pardew þessa dagana en liðið er í frjálsu falli á botni deildarinnar með aðeins einn sigur í síðustu 26. leikjum í ensku úrvalsdeildinni. Leikmenn liðsins rötuðu í fjölmiðla fyrir kolrangar ástæður á dögunum þegar leikmenn voru gripnir við að stela leigubíl í æfingarferð á Spáni. Ferð sem hugsuð var til að þjappa liðinu saman og að vekja menn til lífsins fyrir lokasprettinn hefur ekki borið árangur en báðir leikirnir eftir það hafa tapast 1-2. Nú gegn Huddersfield á heimavelli þar sem West Brom gat komist upp að hlið gestanna og hafið að saxa á næstu lið en þeir áttu einfaldlega engin stig skilin úr þessum leik. Það kæmi ekki á óvart ef Pardew yrði sagt upp á næstu dögum en ráðning hans eftir brottrekstur Tony Pulis hefur ekki borið þann árangur sem stjórnin ætlaðist eftir. – **kpt**



# LOKSINS STEIG LUKAKU UPP Á STÓRA SVIÐINU

**FÓTBOLTI** Töluvert hefur verið rætt um frammistöður belgíska framherjans Romelu Lukaku gegn liðunum í efri hluta deildarinnar en honum tókst aðeins að þagga niður í gagnrýnisröddunum í gær. Keyptur fyrir 75 milljónir punda til að leiða framlínu Manchester United og kominn með 21 mark í öllum keppnum fyrir helgina en hann átti það til að týnast í leikjunum gegn bestu liðum deildarinnar. Af 12 deildarmörkum hans hafði aðeins eitt þeirra komið gegn liði sem var í einu af efstu tíu sætunum en í leikjum eins og nágrannaslagnum gegn Manchester City kom lítið út úr honum. Hann var í algeru lykilhlutverki í sigrinum í gær en hann jafnaði metin eftir gott samspil við Anthony Martial og lagði svo upp sigurmarkið fyrir Jesse Lingard þegar hann labbaði fram hjá varnarmönnum Chelsea og fann liðsfélaga sinn í vítateignum. – **kpt**

## Nýjast

### Olís-deild karla

**Haukar - Víkingur 32-19**

**Haukar**: Hákon Daði Styrmisson 6, Pétur Pálsson 5, Árni Þór Sigtryggsson 5, Adam Haukur Baumruk 3, Halldór Ingi Jónasson 3, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 3, Heimir Óli Heimisson 2, Björgvin Páll Gústavsson 2, Leonharð Þorgeir Harðarson 1, Daníel Þór Ingason 1.

**Víkingur**: Egidijus Mikalonis 4, Birgir Már Birgisson 4, Ragnar Áki Ragnarsson 3, Jónas Bragi Hafsteinsson 2, Hjalti Már Hjaltason 1, Jakob Ingi Stefánsson 1, Hlynur Óttarsson 1, Víglundur Jarl Þórsson 1..

**Afturel. - Fjölnir 20-19**

**Afturelding**: Birkir Benediktsson 6, Árni Bragi Eyjólfsson 5, Mikk Pinnonen 4, Ernir Hrafn Arnarson 3, Gunnar Kristinn Þórsson 2..

**Fjölnir**: Andri Berg Haraldsson 5, Kristján Örn Kristjánsson 4, Breki Dagsson 3, Sveinn Jóhannsson 2, Sveinn Þorgeirsson 1, Bjarki Lárusson 1, Sigfús Páll Sigfússon 1, Arnar Snær Magnússon 1, Bergur Elí Rúnarsson 1..

**Fram - Valur 24-28**

**Fram**: Andri Þór Helgason 8, Valdimar Sigurðsson 4, Þorgrímur Smári Ólafsson 4, .Sigurður Örn Þorsteinsson 3, Bjartur Guðmundsson 2, Svanur Páll Vilhjálmsson 1, Lúðvík Thorberg Arnkelsson 1, Arnar Birkir Hálfdánsson 1.

Valur: Magnús Óli Magnússon 13, Vignir Stefánsson 4, Ryuto Inage 3, Sveinn Aron Sveinsson 3, Anton Rúnarsson 2, Orri Freyr Gíslason 1, Ólafur Ægir Ólafsson 1, Alexander Örn Júlíusson 1..

### Olís-deild kvenna

**Fjölnir - ÍBV 27-33**

**Fjölnir**: Berglind Benediktsdóttir 8, Andrea Jacobsen 6, Arna Þyrí Ólafsdóttir 5, Díana Águstdóttir 4, Guðrún Jenný Sigurðardóttir 2, Diljá Baldursdóttir 2..

**ÍBV** : Sandra Erlingsdóttir 11, Greta Kavaliuskaite 6, Kristrún Ósk Hlynsdóttir 5, Karólína Bæhrenz Lárusdóttir 5, Esther Óskarsdóttir 4, Shadya Natacha Goumaz 2..

**Fram - Valur 23-19**

**Fram**: Karen Knútsdóttir 7, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5, Þórey Rósa Stefánsdóttir 3, Marthe Sördal 2, Ragnheiður Júlíusdóttir 2, Steinunn Björnsdóttir 2, Hildur Þorgeirsdóttir 1, Guðrún Ósk Maríasdóttir 1..

**Valur**: Kristín Guðmundsdóttir 5, Morgan Marie Þorkelsdóttir 5, Kristín Arndís Ólafsdóttir 4, Díana Dög g Magnúsdóttir 2, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir 1..

### Á LEIÐ Í SEX MÁNAÐA BANN

Samir Nasri sem lék um árabil með Arsenal og Manchester City, var um helgina dæmdur í sex mánaða bann frá fótbolta eftir að hafa notað ólölegg efni við endurhæfingu á meiðslum. Nasri er þessa dagana án félags eftir að hafa sagt upp samningi sínum hjá Antalyaspor en þegar atvikið átti sér stað var hann leikmaður Seville á Spáni en á lánssamning frá Manchester City. Nasri sem er þrítugur að aldri á að baki 210 leiki í ensku úrvalsdeildinni en með Manchester City varð hann enskur meistari í tvígang ásamt því að vinna enska deildarbikarinn á sex árum hjá félaginu.

### CLYNE AÐ SNÚA AFTUR

Fótbolti Nathanial Clyne, bakvörður Liverpool, lék fyrsta leik sinn á tímabilinu í gær með varaliði Liverpool í 3-0 sigri gegn Stoke en Clyne hefur verið frá allt þetta tímabil vegna meiðsla. Í hans fjarveru hafa Trent Alexander-Arnold og Joe Gomez skipt leikjum sín á milli en gera má ráð fyrir að Clyne sem er einnig enskur landsliðsmaður taki við keflinu á lokastigi tímabilsins en hann hefur leikið 93 leiki fyrir Liverpool á tveimur árum sínum í herbúðum Liverpool og skoraði þeim tvö mörk.

## Merkisatburðir



**1616 Kaþólska kirkjan meinar Galileo Galilei að stunda kennslu vegna sólmiðjukenningar hans.**

**1913** Kristólína Kragh, fyrsti íslenski hárgreiðslumeistarinn, opnar stofu í Reykjavík.

**1952** Winston Churchill tilkynnir að Bretar búi yfir kjarnorkusprengju.

**1993** Hryðjuverkamenn sprengja bílasprengju undir World Trade Center í New York.

**2000** Eldgos hefst í Heklu og varir í rúma viku.

**2017** Snjódýpt í Reykjavík mælist 51 sentímetri. Mesta snjókoma í febrúar frá upphafi mælinga árið 1921.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Hjörleifsdóttir**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 21. febrúar. Hún verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 2. mars klukkan 13.00.

**Sigdís Sigmundsdóttir**
**Hjördís Sigmundsdóttir** **Kristinn Waagfjörð**
**Benedikt Sigmundsson** **Erna Þórunn Árnadóttir**
**Lárus Sigmundsson**
**Þóra Arnheiður Sigmundsdóttir** **Jóhannes Oddsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma, langamma og langalangamma,

**Rannveig Jónsdóttir**

Sólheimum 23,

lést miðvikudaginn 14. febrúar á Landspítalanum Fossvogi. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 27. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra.

**Jón Gunnar Ottósson** **Margrét Frímannsdóttir**
**Gunnhildur Ottósdóttir**
**Bryndís Ottósdóttir** **Kristján Árni Baldvinsson**
**Guðbjörg Ottósdóttir** **Björg Guðrún Gísladóttir**
**Ari Viðar Jónsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



Ástkær bróðir okkar og frændi,

**Magnús S. Oddsson**

fyrrverandi verslunarmaður, Valshólum 4, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 15. febrúar á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 28. febrúar klukkan 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigríður Oddný Oddsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



**Jón Magnús og Ólöf Rún halda utan um Tjarnarslammið sem fram fer í kvöld.** MYND/AÐSEND

# Sport og ljóðlist saman í eina sæng í Sunnusal

**Tjarnarslamm verður í kvöld haldið í annað sinn og hefur nú fært sig um set, upp á aðra hæð Iðnó, hinn svokallaða Sunnusal. Þar munu reynslumikil ljóðskáld og áhugaskáld etja kappi og vera dæmd af fimm manna dómnefnd valdri úr hópi áhorfenda.**

Tjarnarslamm verður haldið í Iðnó í annað sinn í kvöld. Þarna munu, í Sunnusalnum á efri hæð Iðnó, etja kappi í ljóðalestri nokkrir reynsluboltar í bland við áhugafólk.

„Við erum í raun að reyna að starta þessari slammsenu hér á landi, hún hefur í raun aldrei náð fótfestu hér á landi. Þetta er partur af seríu sem við verðum með út árið og vonandi bara næstu ár,“ segir Jón Magnús Arnarsson, en hann og Ólöf Rún Benediktsdóttir eru skipuleggjendur slammsins.

Ljóðaslamm er keppni í ljóðlist þar sem flutningurinn skiptir töluverðu máli. Ljóðin eru því flutt fyrir áhorfendur með töluverðum tilburðum og það svo allt dæmt af dómnefnd sem er valin á tiltölulega óvenjulegan máta.

„Það eru valdir fimm dómarar úr áhorfendasal og þeir gefa einkunn frá 0,1 upp í 1,0. Flutningurinn er þrjár mínútur – þú mátt ekki vera með neina leikmuni, tónlist eða búninga – og þetta eru oftast þrjár lotur. Einhvern tímann útskýrði einhver ljóðaslamm þannig: þú tekur sport og ljóðlist og slengir því saman.

**Þetta snýst meira um að flytja ljóðið þitt fyrir áhorfendur frekar en þú sért með litlu vasabókina þína að tala um hvað vindurinn sé hægur á haustin.**

Flutningurinn er því oftast meira lifandi, þetta snýst meira um að flytja ljóðið þitt fyrir áhorfendur frekar en þú sért með litlu vasabókina þína að tala um hvað vindurinn sé hægur á haustin.

Meira að segja í heimsmeistarakeppninni, sem var haldin í París í fyrra t.d., þá voru bara valdir fimm dómarar úr áhorfendahópnum. Þannig að stelpan sem er heimsmeistari núna, Lisa Rasmussen, var valin af fimm ókunnugum Frökkum sem sögðu að hún væri best. Þeir voru bara í áhorfendasalnum í það skiptið. Það er kannski það sem er lifandi og skemmtilegt við þetta – þetta er ekki einhver dómnefnd með stöðnuðum listaspírum eða ljóðskáldum sem dæmir, heldur er það áhorfandinn, sem ljóðið er hugsanlega samið fyrir.“

Jón segir að þetta sé ekki alveg jafn mikil keppni hérna heima enn sem komið er að minnsta kosti, eins og hún er úti í heimi. Þar eru riðlar og deildir og hvað sem það allt saman heitir – hér er þetta enn bara gert til skemmtunar og í góðum gír. Þó halda þau sig við keppnisskipulagið til að hafa ramma utan um keppnina.

Jón segir fyrra slammið hafa tekist mjög vel. „Við vorum hluti af opnunarhátíð Iðnó, þegar það var verið að opna það aftur í nýjum búning. Það var dagskrá allan daginn og mjög gaman. Nú erum við þó komin upp á efri hæð – það er mjög innilegt og þægilegt rými. Svo stækkar þetta bara og stækkar og við endum í Laugardalshöllinni auðvitað.“

Slammið hefst klukkan átta í kvöld. Viðburðurinn er studdur af Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og Borgarbókasafni Reykjavíkur.

**stefanthor@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 26. FEBRÚAR 1953

## Hryllingur á Suðurgötu



SIGURÐUR MAGNÚSSON, lyfjafræðingur,
kona hans, HULDA KAREN
og þrjú börn þeirra létust 26. þ. m.
F. h. vandamanna
Sigríður Ögmundsdóttir, Magnús V. Magnússon,
Karl Dúason.

Sigurður Magnússon lyfjafræðingur réð sjálfum sér, konu sinni, Huldu Karen Larsen, og þremur börnum þeirra á aldrinum 3 til 6 ára bana á þessum degi árið 1953.

Ásdís Larsen, systir Huldu Karenar, kom að fjölskyldunni um hádegisbil á heimili þeirra við Suðurgötu 2. Hún fann fjölskylduna í hjónaherberginu þar sem þau lágu fullklædd í hjónarúminu.

Á náttborðinu var flaska merkt „eitur“ og handskrifaður miði. Þar útskýrði Sigurður að hann hafi í örvilnun náð í eitur og gefið konu sinni og börnum áður en hann drakk það sjálfur. Hann kvaðst ekki geta skilið börnin og konu sína eftir.

Sigurður, sem var 35 ára, hafði verið mikið veikur dagana áður en þessi hörmulegi atburður átti sér stað. Árið áður veiktist hann af heilabólgu og hann hafði undanfarið kvartað undan miklum höfuðverk.

Hulda Karen var 32. Börn þeirra Sigurðar hétu Magnús, 6 ára, Sigríður sem var 4 ára og Ingibjörg, en hún var 3 ára. – **khn**


wineo
EUROWOOD
DON
FLOORING
MÚRBÚÐARVERÐ
Hágæða gólfefni
Harðparket: 8 mm verð frá 1.390 kr. m²
12 mm verð frá 2.290 kr. m²
Vínilparket: 5 mm verð 4.990 kr. m²
Undirlag: Verð frá 120 kr. m²
Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Netgíró
Betri leið til að versla
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Gengur í suð-austanhvassviðri eða -storm í dag með slyddu, en síðar rigningu, en hægara og lengst af þurrt fyrir norðan og austan. Hlýnandi veður.




## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 4° | 5° |
| ↖ 9 | ↑ 10 | ↑ 8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 5° | 2° |
| ↑ 8 | ↙ 4 | ↑ 11 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | -0° | 3° |
| ↑ 2 | ↙ 5 | ↗ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 4° | 1° |
| ↖ 1 | ↙ 3 | ↘ 1 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 8 | | 2 | 4 | 9 | | 7 |
| | | 7 | | | 6 | | 3 | |
| | | | | 8 | | | | 6 |
| | 2 | 3 | 5 | | | | | |
| | 5 | | 6 | | | 8 | | |
| | | | | | 2 | 3 | 9 | |
| 5 | 7 | | | 3 | 1 | 4 | 6 | |
| | | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 1 | 9 | | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 9 | 3 | | | 2 | 5 |
| | | 3 | | 6 | | | | |
| | 9 | | 7 | | 1 | | | |
| | | | 1 | | 3 | 9 | 5 | |
| | | 6 | | 9 | 4 | 3 | | 2 |
| 7 | | | | | | 8 | | |
| | | 1 | 3 | 5 | | | | 9 |
| | | | | | | 5 | | 8 |
| | | 2 | | | | 4 | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | 3 | | | 4 | 2 |
| | | 5 | 1 | | 4 | | | 6 |
| | | | 8 | 9 | | | 5 | |
| | | | | | | 4 | 3 | |
| | 5 | | | | 7 | | | |
| 2 | | | 9 | | | | | |
| 3 | | | 5 | | | 7 | 1 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | 3 | | 8 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. hlýna
5. háma
6. í röð
8. forsæla
10. samtök
11. lærir
12. framkvæmt
13. málmur
15. sögu
17. skot

**LÓÐRÉTT**
1. nagdýr
2. stunda
3. þvottur
4. helber
7. móðu
9. gretta
12. nytsemi
14. fljótfærni
16. frá

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** hitna, **5.** úða, **6.** lm, **8.** skuggi, **10.** aa, **11.** les, **12.** gert, **13.** úran, **15.** sagnar, **17.** snafs.
**LÓÐRÉTT: 1.** húsamús, **2.** iðka, **3.** tau, **4.** alger, **7.** misturs, **9.** glenna, **12.** gagn, **14.** ras, **16.** af.

## Skák Gunnar Björnsson

Bragi Þorfinnsson (2426) átti leik gegn Jovanka Houska (2408) á alþjóðlega mótinu í Kragaeyju á Noregi.

**Hvítur á leik**
**57. De8+** og svartur gafst upp. Þar með tryggði Bragi sér sinni þriðja og síðasta stórmeistara-áfanga. Bragi verður væntanlega útnefndur fjórtandi stórmeistari Íslands í apríl nk. Bragi varð í öðru sæti á mótinu en hann hlaut 7 vinninga í 9 skákum.
**www.skak.is:** Allt um árangur Braga.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 | 5 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 | 4 | 8 |
| 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 5 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 9 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 4 | 8 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 1 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 1 | 6 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 1 | 6 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 5 |
| 8 | 1 | 6 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 2 | 8 | 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman









## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## Sýningar

**Hvað?** Printing Matter, sýning
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Tækniminjasafn Austurlands
Síðustu þrjár vikur hefur hópur alþjóðlegra listamanna tekið þátt í þematengdri vinnustofu, „Printing Matter“, þar sem prentun og bókverkagerð eru rannsökuð bæði verklega og hugmyndafræðilega og hefur hópurinn m.a. verið með vinnuaðstöðu á Tækniminjasafninu. Eftir margs konar tilraunir og prófanir þátttakenda námskeiðsins gefst gestum og gangandi tækifæri til að skoða afraksturinn.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Á að banna umskurð drengja?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagata 28
Bjarni Karlsson, prestur, og Sigurður Hólm Gunnarsson, varaformaður Siðmenntar eiga samtal um hvort rétt sé að banna umskurð drengja með lögum og um önnur siðferðileg álitamál.

Spurningum sem reynt verður að svara: Er siðferðilega réttmætt að umskera drengi? Hvaðan kemur siðferðiskennd okkar og siðferði? Hvað er rétt og hvað er rangt? Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir!

**Hvað?** Svefn með Dr. Erlu Björnsdóttur
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Hvað er svefn? Hve mikið þarf að sofa? Hvernig er best að bregðast við svefnvandamálum? Dr. Erla Björnsdóttir, höfundur bókarinnar Svefn, mun halda erindi um mikilvægi svefns fyrir andlega og líkamlega heilsu, fara yfir algeng svefnvandamál og gefa ráð fyrir góðan nætursvefn ásamt því að kynna bók sína. Frítt er á viðburðinn og allir velkomnir.

**Hvað?** Garðrækt og matjurtir
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið | Menningarhús Árbæ
Auður I. Ottesen garðyrkjufræðingur heldur erindi um garðrækt og matjurtir. Auður er ritstjóri tímaritsins Sumarhúsið og garðurinn og



Erla Björnsdóttir heldur fyrirlestur í Bókasafni Seltjarnarness. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

mikill reynslubolti þegar kemur að ræktun matjurta. Hún ætlar að leiðbeina með sáningu og ræktun því núna er einmitt tíminn til að huga að því með vaxandi birtu. Auður ætlar að fara yfir ræktun og umönnun matjurta í máli og myndun. Gott er að mæta með blómapotta til að sá í, mold á staðnum. Auður kemur með fræ sem hægt er að kaupa á staðnum. Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu.

**Hvað?** Opin tónskáldakynning
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Söngskólinn í Reykjavík
Bjarki Sveinbjörnsson tónlistarfræðingur kynnir tónskáldið Karl O. Runólfsson. Frítt inn og allir velkomnir

## Uppákomur

**Hvað?** Meistaramánudagar
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Úlfarsfell
Vilborg Arna Gissurardóttir, Tomasz Þór Veruson og Kolbrún Björnsdóttir munu leiða göngur á Úlfarsfell alla mánudaga í febrúar. Frábær leið til að byrja vikuna og fá titilinn mánudagsmeistari! Stutt og þægileg fjallganga við allra hæfi sem býður upp á stórkostlegt útsýni yfir höfuðborgina. Genginn er hringur með viðkomu á báðum toppunum. Þátttakendur hittast á bílastæðinu í Úlfarsárdal.

**Hvað?** Karlakaffihúsahittingur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Café Bleu, í Kringlunni
Félagið Tilvera mun í fyrsta sinn standa fyrir kaffihúsaspjalli, eingöngu ætluðu karlmönnum. Kvöldið er tilvalið fyrir alla þá karlmenn sem stríða við ófrjósemi, sem og þá sem eiga maka sem glímt hafa við ófrjósemisvandamál. Ófrjósemisvandamál karla hafa löngum verið feimnismál og ekki verið áberandi í umræðunni. Hér gefst þér tækifæri til að ræða þessi mál meðal manna sem glíma við sömu vandamál. „Við munum hafa staðinn algjörlega út af fyrir okkur, eftir lokun staðarins. Léttar veitingar í boði og hægt að kaupa sér drykki á staðnum. Fullum trúnaði er heitið og algjör nafnleynd verður í hávegum höfð,“ segir í tilkynningu um viðburðinn.

**Hvað?** Tónheilun með tíbeskum tónskálum
**Hvenær?** 18.46
**Hvar?** Jógasetrið, Skipholti 50c
Tónheilun með með Arnóri Sveinssyni jógakennara. Tíbeskar söngskálar hafa verið notaðar öldum saman í heilunartilgangi og til að skapa ánægjulegt hugleiðsluástand. Þær gefa frá sér hljóðbylgjur sem aðstoða líkamann inn í jafnvægi og heilun. Frítt fyrir korthafa Jógasetursins, 2.500 krónur fyrir aðra.

## Tónlist

**Hvað?** Kontrabassi og orgel
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kalman, listfélag. Háholti 31, Akranes.
Þórir Jóhannsson kontrabassaleikari og Eyþór Ingi Jónsson organisti flytja saman tónlist eftir J.S. Bach, G.F. Handel, Z. Kodály, Karólínu Eiríksdóttur og M. Bruch. Þarna gefur að heyra sérstaka samsetningu þar sem hljóðfærin njóta sín hvort í sínu lagi í einleiksverkum sem og í samspili. Aðgangseyrir er kr. 2.000, Kalmansvinir kr. 1.500.

# Góða skemmtun í bíó













**UM LAND ALLT**
KL. 19:25
Kristján Már skoðar söguslóðir Laxárdals í Suður-Þingeyjarsýslu. Fornminjar vitna um framsækið mannlíf fyrri alda. Þar stofnuðu bændur fyrsta kaupfélagið, þar reis eitt fyrsta iðnver landsins og Laxdælingar telja að þar hafi golf verið leikið í fyrsta sinn á Íslandi.

Magnað
**Mánudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**GRAND DESIGNS: HOUSE OF THE YEAR**
KL. 20:00
Sérlega smart þættir þar sem við fáum innlit í nokkur glæsilegustu hús Bretlands. Flottir þættir fyrir sanna fagurkera og þá sem hafa áhuga á fallegri byggingarlist.




**THE PATH**
KL. 20:55
Þrælgóðir þættir um Eddie Lane sem gekk í öfgafullan sértrúarsöfnuð. Hann er nú milli steins og sleggju því hann hefur kynnst spillingunni sem söfnuðinum fylgir.



**CARDINAL**
KL. 21:45
Sögusviðið er smábær við Alqonquin-flóa í Kanada þar sem rannsóknarlögreglumennirnir John Cardinal og Lise Delorme takast á við sérlega flókin og ofbeldisfull sakamál.



**MOSAIC**
KL. 22:30
Hver myrti Oliviu Lake? Saga hennar hefst þegar líf hennar endar og reynt að finna morðingjann með öllum ráðum. Hörkuspennandi þættir úr smiðju HBO með Sharon Stone í aðalhlutverki.



**TEMPLE GRANDIN**
KL. 20:10
Sannsöguleg og áhrifarík mynd, byggð á ævi Temple Grandin og fjallar um glímuna við einhverfu sem hún greindist með ung að árum.



**LAST SHIP**
KL. 22:00
Hörkuspennandi þættir um áhöfn herskips sem þarf að takast á við flókin og erfið verkefni.






Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

06.10 Timeless
07.00 The Simpsons
07.20 Kalli kanína og félagar
07.40 The Middle
08.05 2 Broke Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Masterchef USA
10.15 Hell's Kitchen
11.00 Kevin Can Wait
11.25 Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
11.50 Empire
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
14.25 American Idol
15.50 The Bold Type
16.30 Friends
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 Um land allt
20.00 Grand Desings. House of the Year
20.55 The Path
21.45 Cardinal
22.30 Mosaic
Hörkuspennandi þættir úr smiðju HBO og Stevens Soderbergh með Sharon Stone í aðalhlutverki. Í þáttunum er reynt að komast að því hvað hafi í raun komið fyrir barnabókahöfundinn Oliviu Lake sem var myrt á hrottalegan hátt. Saga hennar hefst þegar líf hennar endar og farið verður yfir aðdraganda andláts hennar á allan mögulegan hátt.
23.15 Lucifer
00.00 Shetland
Vandaðir breskir sakamálaþættir frá BBC. Þættirnir fjalla um lögreglumanninn Jimmy Perez sem starfar í afskekktum bæ á Hjaltlandseyjum og þarf að leysa afar snúin sakamál.
01.00 60 Minutes
01.45 Gone
02.30 Strike Back
03.15 Knightfall
04.00 Six
04.40 Six
05.25 The Deuce

## STÖÐ 2 SPORT

06.25 Manchester United - Chelsea
08.05 Messan
09.35 Manchester City - Arsenal
11.30 MD í hestaíþróttum - Samantekt 2018
12.15 Cleveland Cavaliers - San Antonio Spurs
14.10 Crystal Palace - Tottenham
15.50 Messan
17.20 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2017/2018
17.45 Stjarnan - Haukar
19.45 Stjarnan - ÍR
21.30 Spænsku mörkin 2017/2018
22.00 Seinni bylgjan
23.35 Crystal Palace - Tottenham

## STÖÐ 2 SPORT 2

08.00 Fram - Valur
09.30 Fram - Valur
11.00 Crystal Palace - Tottenham
12.40 WBA - Huddersfield
14.20 Brighton - Swansea
16.00 AC Milan - Ludogorets
17.40 Arsenal - Östersund
19.25 Dortmund - Augsburg
21.30 Football League Show 2017/18
22.00 Stjarnan - Haukar
23.30 Stjarnan - ÍR

## STÖÐ 3

17.55 Fresh Off The Boat
18.20 Pretty Little Liars
19.05 Entourage
19.35 Modern Family
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.45 Angie Tribeca
21.15 American Horror Story. Cult
22.00 The Last Ship
22.40 iZombie
23.25 The Strain
00.35 Modern Family
00.55 Seinfeld
01.20 Friends
01.45 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.25 Hvellur keppnisbíll
07.37 Ævintýraferðin
07.49 Gulla og grænjaxlarnir
08.00 Stóri og Litli
08.13 Víkingurinn Viggó
08.27 K3
08.38 Mæja býfluga
08.50 Kormákur
09.00 Dóra könnuður
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.47 Doddi litli og Eyrnastór
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveins
10.49 Lalli
10.55 Rasmus Klumpur og félagar
11.00 Strumparnir
11.25 Hvellur keppnisbíll
11.37 Ævintýraferðin
11.49 Gulla og grænjaxlarnir
12.00 Stóri og Litli
12.13 Víkingurinn Viggó
12.27 K3
12.38 Mæja býfluga
12.50 Kormákur
13.00 Dóra könnuður
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.47 Doddi litli og Eyrnastór
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveins
14.49 Lalli
14.55 Rasmus Klumpur og félagar
15.00 Strumparnir
15.25 Hvellur keppnisbíll
15.37 Ævintýraferðin
15.49 Gulla og grænjaxlarnir
16.00 Stóri og Litli
16.13 Víkingurinn Viggó
16.27 K3
16.38 Mæja býfluga
16.50 Kormákur
17.00 Dóra könnuður
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.47 Doddi litli og Eyrnastór
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveins
18.49 Lalli
18.55 Rasmus Klumpur og félagar
19.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum

## GOLFSTÖÐIN

08.00 Australian Ladies Classic Bonville
12.00 The Honda Classic
17.00 Golfing World 2018
17.50 PGA Highlights 2018
18.45 Commercialbank Qatar Masters
23.15 PGA Highlights 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

12.00 The Citizen
13.40 Billy Madison
15.10 Temple Grandin
17.00 The Citizen
18.40 Billy Madison
20.10 Temple Grandin
22.00 Ted 2
Ted hefur svo sannarlega náð að höndla hamingjuna og er hæstánægður með að vera kominn í hnapphelduna með sinni heittelskuðu Tami-Lynn. Næsta skref er að eignast barn. Fyrsta vandamálið við það er hins vegar að einhver þarf að gefa þeim sæði því það sem Ted hefur að bjóða virkar ekki sem skyldi. Og auðvitað kemur bara einn sæðisgjafi til greina, John Bennett, hver annar? En þá kemur annað vandamál í ljós. Til að egg Tami-Lynn verði frjóvguð þarf Ted að sanna að hann hafi það sem til þarf til að ala upp barn og að hann sé, þrátt fyrir útlitið, mannlegur innra með sér.
00.00 Last Days On Mars
01.35 + 1
03.10 Ted 2

## RÚV

15.50 Gettu betur
16.50 Silfrið
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Elías
18.12 Letibjörn og læmingjarnir
18.19 Alvin og íkornarnir
18.30 Millý spyr
18.37 Uss-Uss!
18.48 Gula treyjan
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Skýjaborg
21.10 Sýknaður
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Saga HM. Úrúgvæ 1930
22.35 Saga HM. Sviss 1954
00.05 Kastljós
00.20 Menningin
00.25 Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 King of Queens
08.22 Dr. Phil
09.07 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
09.53 The Late Late Show with James Corden
10.36 Síminn + Spotify
13.20 Dr. Phil
14.01 Superior Donuts
14.24 Scorpion
15.10 Speechless
15.33 The Fashion Hero
16.29 Everybody Loves Raymond
16.51 King of Queens
17.16 How I Met Your Mother
17.38 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
19.00 The Late Late Show with James Corden
19.45 Playing House
20.10 Jane the Virgin
21.00 Hawaii Five-0
21.50 Blue Bloods
22.35 Chance
23.25 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
00.45 CSI
01.30 Madam Secretary
02.15 This is Us
03.05 The Gifted

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


SUGARFREE GUM
WRIGLEY'S
Extra
WHITE
x25
SWEET MINT
WRIGLEY'S
Extra®
FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Aldursmunur sem hefur vakið athygli

„Aldur er bara tala“ segja sumir á meðan aðrir geta endalaust velt sér upp úr aldri fólks. Þessi sjö Hollywood-pör eru meðal þeirra sem hafa fengið mikla athygli vegna aldursmunar.



**HARRISON FORD** 1942
**OG CALISTA FLOCKHART** 1964
**22 ÁR**



**DOMINIC PURCELL** 1970 **OG ANNALYNNE MCCORD** 1987 **17 ÁR**



**SAM** 1967 **OG AARON TAYLOR-JOHNSON** 1990 **23 ÁR**



**SARAH PAULSON** 1974 **OG HOLLAND TAYLOR** 1943 **31 ÁR**



**38 ÁR**

**PATRICK STEWART** 1940 **OG SUNNY OZELL** 1978



**15 ÁR**

**SOFIA RICHIE** 1998 **OG SCOTT DISICK** 1983



**17 ÁR**

**MARY-KATE OLSEN** 1986 **OG OLIVIER SARAKOZY** 1969

## Sagður ætla að bjóða tveimur fyrrverandi kærustum

Harry Bretaprins og Meghan Markle munu ganga í það heilaga í maí og samkvæmt breskum miðlum mun Harry bjóða tveimur fyrrverandi kærustum sínum í brúðkaupið. Heimildarmaður Daily Mail sagði að Harry væri enn þá góður vinur tveggja fyrrverandi kærasta, Chelsy Davy og Cressida Bonas, og að þær myndu brátt fá boðskort í konunglegt brúðkaup. Davy var kærasta Harrys með hléum frá árinu 2004 til ársins 2011 og Bonas og Harry voru í sambandi frá árinu 2012 til 2013. Tíminn mun leiða í ljós hvort þetta reynist satt. – **gha**

## Klæddist 19.000 króna dragt á brúðkaupsdaginn

Leikkonan Emily Ratajkowski kom mörgum á óvænt um helgina þegar hún tilkynnti að hún hefði gifst kærasta sínum til nokkurra vikna, framleiðandanum Sebastian Bear-McClard. Hún tilkynnti þetta á Instagram með mynd og myndbandi. „Svolítið óvænt. Ég gifti mig í dag,“ skrifaði hún á Instagram.

Ratajkowski var afar smart á stóra deginum en hún klæddist sinnepsgulri dragt frá ZARA. Buxurnar kosta tæpar 7.000 krónur og jakkinn tæpar 12.000 krónur. Það er því óhætt að segja að hún hafi klæðst brúðkaupsdressi í ódýrari kantinum.





Emily Ratajkowski og Sebastian Bear-McClard gengu í það heilaga um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

Þess má geta að ef marka má fjölmiðla vestanhafs þá byrjuðu þau Ratajkowski og McClard saman fyrr á þessu ári þannig að ljóst er að þau eru ekkert að draga hlutina á langinn. – **gha**



Emily Ratajkowski klæddist þessari flottu dragt sem kemur frá ZARA.

cocoa HORIZONS




... með svörtu kremkexi

**Einstakt bragð sem þú verður að prófa!**

Síríus rjómasúkkulaði er einstaklega ljúffengt eitt og sér. Það er létt og lungamjúkt súkkulaði sem hreinlega bráðnar í munni. Þegar brakandi ljúffengu kremkexi er blandað saman við það verður til einstök bragðupplifun sem þú munt njóta í hverjum einasta bita. Því Síríus rjómasúkkulaði er svo gott.

ÁRNASYNIR

DORMA KYNNIR

SIMBA®




Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

## Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

**Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.**

**Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum**

| | |
|---|---|
| 80 x 200 cm | 64.900 kr. |
| 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| 100 x 200 cm | 79.900 kr. |
| 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| 140 x 200 cm | 99.990 kr. |
| 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| 180 x 200 cm | 129.990 kr. |




**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA
Láttu drauminn rætast





**Auðunn Lúthersson, sem kallar sig Auður, var eitt sinn harðkjarnarokkari en spilar nú raftónlist betur en flestir.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gisti heima hjá tvífara Peter Pettigrew

Tónlistarmaðurinn Auðunn Lúthersson er nýkominn heim úr tónleikaferðalagi um Þýskaland, Sviss og Austurríki þar sem hann hitaði meðal annars upp fyrir VÖK. Ýmislegt getur gerst á ferðalagi.

„Þetta var mikil keyrsla. Bæði í bíl sem og á orku. Mér var mjög vel við fólkið sem ég var að ferðast með, hljómsveit og tæknimönnum svo sá hluti var blessunarlega góður,“ segir Auðunn Lúthersson en hann er nýkominn heim eftir að hafa hitað upp fyrir fyrir íslenska bandið Vök í Sviss og Lilly Among Clouds í Þýskalandi og Austurríki.

Mikill áhugi hefur myndast hjá þýskum og svissneskum útvarpstöðvum fyrir efni Auðuns og því spennandi að fylgjast með uppgangi hans á þessum stóra markaði og trúlega eru fjölmörg ævintýri fram undan á næstu vikum hjá kappanum.

Hann segir að lífið á ferðalagi sé fínt en hann nýtti tímann til að lesa, sem hann hefur gert minna af þegar hann er hér á Fróni. Auðunn kom víða við á þessu ferðalagi sínu og var aðstaðan því jafn misjöfn og staðirnir voru margir.

„Aðstaðan var ótrúlega ólík. Fyrsta kvöldið gisti ég heima hjá fimmtugum tvífara Peter Pettigrew sem lét mér líða illa fyrir að vilja ekki horfa á sjónvarpið með honum klukkan eitt um nótt,“ segir hann og hlær en Peter Pettigrew var einn af sendisveinum Voldemort í bókunum og kvikmyndunum um galdrastrákinn Harry Potter. Þótti heldur ófrýnilegur á hvíta tjaldinu enda þurfti hann að vera í líki rottu í meira en áratug.

„Svo gisti ég á lúxushótelum í Sviss. Þá bóka staðirnir gistingu handa okkur sem er mikill munur.“

**benediktboas@frettabladid.is**



**Lífið sem tónlistarstjarna er ekki alltaf bara dans á rósum. Hér er búið að hlaða tónleikabílinn með öllum þeim búnaði sem þarf.** MYND/AUÐUNN



**Peter Pettigrew úr Harry Potter myndunum. Auðunn gisti eina nótt hjá tvífara hans.**

### SPENNANDI TÍMAR

Auðunn samdi við eitt öflugasta höfundarréttarfyrirtækið í heiminum í dag, IMAGEM MUSIC á síðasta ári. Hjá fyrirtækinu eru listamenn eins og Daft Punk, M.I.A., Bombay Bicycle Club, William Orbit og Mark Ronson svo einhverjir séu nefndir.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*

HONDA
The Power of Dreams






CR-V

# Á HONDA BETRA VERÐI

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
**Já, og meira fyrir peninginn.**

**SÉRVALDIR HONDA CR-V Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

**VERTU MEIRA TIL Á MEST SELDA BORGARJEPPA Í HEIMI**

HONDA CR-V 4X4 SJÁLFSKIPTUR VERÐ FRÁ KR. 5.390.000

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

HONDA

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
Dreifing dreifing@postdreifing.is Ef blaðið berst ekki 800 1177




BAKÞANKAR

Láru G. Sigurðardóttur



## Sagan endurtekur sig

Síðari heimsstyrjöldinni er að ljúka og víða sjást auglýsingar með læknum og tannlæknum sem skarta sígarettum. Háls-, nef- og eyrnalæknir segir okkur að gefa hálsinum frí með því að reykja ferskar CAMEL sígarettur og tannlæknir mælir með VICEROYS. Markaðssetning sér til þess að árið 1967 reykja allt að 60% landsmanna og það þykir sjálfsagt að reykja innan um ungbörn, á spítölum og í flugvélum.

Eftir hálfrar aldar baráttu erum við nú með eina lægstu tíðni í Evrópu. Um 10% fullorðinna reykja þessa skaðlegu vöru sem drepur helming neytenda hennar.

En miðað við síðustu misseri er engu líkara en við séum að endurlifa nýtt reykingaæði með tilkomu rafsígaretta. Markaðssetning þeirra er þó með öðrum og dulbúnari hætti í formi samfélagsmiðla og ekki alltaf sýnileg okkur foreldrunum. Fjórðungur fermingarbarna hefur prófað rafsígarettur og helmingur menntaskólanema. Rafsígarettur eru orðnar svo algengar að það þykir orðið sjálfsagt að maður gangi innan um reykský.

Því er ekki annað hægt en að fagna frumvarpi heilbrigðisráðherra um hömlur á sölu og útbreiðslu rafsígaretta. Líkt og hagsmunaaðilar börðust hart gegn hömlum á sölu sígaretta hér áður fyrr má búast við að frumvarp um rafsígarettur fái mikinn mótbyr. Þá er gott að hafa hugfast að meginmálið snýst ekki um hvort fullorðnir geti nálgast rafsígarettur til að hætta að reykja – það verður séð til þess – heldur snýst þetta um að rafsígarettur innihalda skaðleg efni og að börn eiga ekki að vera auðveld bráð þeirra.







